



Fundur háskólaráðs 16. október 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 13.10.2003
Dags: 16.10.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

16/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 16. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.15.

Mættir voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Ármann Höskuldsson, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson, Þorsteinn Loftsson, Oddný G. Sverrisdóttir og Stefán Svavarsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram dagskrá 11. háskólafundar 7. nóvember 2003.
- 1.2 Lögð fram álitserð um rétt til styrks úr Sáttmálasjóði.
- 1.3 Lögð fram könnun á væntingum og viðhorfum nýnema við Háskóla Íslands.
- 1.4 Reglur viðskipta- og hagfræðideildar um rannsóknánám.
- 1.5 Glærur af erindi rektors um Háskóla Íslands, haldið 16. október 2003, í hátíðasal Háskólans.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Skipan nýs fulltrúa í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands í stað Margrétar Jónsdóttur, sem hætt hefur störfum við Háskóla Íslands.
- Samþykkt einróma að skipa Hólmfríði Garðarsdóttur, aðjúnkt í heimspeki-deild, í stað Margrétar.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Jóhannesi R. Sveinssyni, formanni Félags háskólakennara, dags. 13. október 2003, varðandi starfsskyldur hlutalektora í lagadeild. Einnig lagt fram minnisblað akademískrar stjórnýslu um umboð samráðsnefndar um kjaramál. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnýslu, gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt ítarlega og verður áfram á dagskrá.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Fjármál Háskóla Íslands:
 - a) Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004 og staðan í samningum við stjórnvöld.
 - b) Skólagjöld. Erindi viðskipta- og hagfræðideildar, sbr. síðasta fund, um heimild til að taka skólagjöld í meistaranámi.
 - c) Markmið í nýjum kennslusamningi og stefna Háskólans á næstu árum. Framhald umræðu síðasta fundar.
Rektor gerði grein fyrir málinu og viðræðum sínum við menntamálaráðherra. Eftir fund rektors með menntamálaráðherra og ráðuneytisstjóra fyrir í vikunni liggur fyrir samkomulag þeirra um að ganga frá rannsóknasamningi samhliða kennslusamningi á næstu vikum.
Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmda kom á

fundinn og gerði grein fyrir uppkasti að minnisblaði, sem hann og Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs hafa tekið saman, um framkvæmd rannsóknasamnings Háskóla Íslands við stjórnvöld. Uppkastið er lagt fram í tengslum við drög að yfirlýsingu rektors vegna tímabundinnar lækkunar fjárveitingar til rannsókna, sem lögð voru fram á síðasta fundi ráðsins, þann 9. október sl.

Rætt var um rannsóknasamninginn og farið yfir framangreint uppkast að minnisblaði og bent á ýmislegt sem betur má fara í því.

- Málið verður áfram á dagskrá.

- 3.2 Einkahlutafélagið „Vísindagarðar Háskóla Íslands”, drög samþykka félagsins og stofnskrár, sbr. síðasta fund, ásamt skipan stjórnar félagsins.

- Frestað.

- 3.3 Brautskráning að vori, sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá því að hann hefur falið framkvæmdastjóra akademískrar stjórnarsýslu að halda fund með skrifstofustjórum deilda til að fara yfir verklag við undirbúning og aðdraganda brautskráningar.

- Frestað.

- 3.4 Drög að samningi um kennaraskipti á milli H.Í., H.A., KHÍ og THÍ ásamt minnisblaði akademískrar stjórnarsýslu og tillögu að samræmdum reglum um kennaraskipti, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

- 3.5 Málefni lyfjasviðs LSH, sbr. síðasta fund.

Lagt fram bréf, dags. 14. október 2003, frá deildarforsetum læknadeildar og hjúkrunarfræðideildar, þeim Stefáni B. Sigurðssyni og Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur. Einnig var lagt fram bréf undirritað af kennurum lyfjafræðideildar. Þorsteinn Loftsson gerði grein fyrir málinu og aðdraganda þess.

Málið var rætt ítarlega.

Háskólaráð samþykkir einróma eftirfarandi „Fyrir liggur að LSH hefur brotið samstarfssamning H.Í. og LSH. Háskóli Íslands sættir sig ekki við þetta brot og fer þess formlega á leit við Landspítala-háskólasjúkrahús að ráðning sviðsstjóra lyfjasviðs verði endurskoðuð með tilliti til gildandi samstarfssamnings H.Í. og LSH”.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.20